

Nd.

20. Frumvarp til laga

[20. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Guðrún Helgadóttir.

1. gr.

1. mgr. 15. gr. laganna hljóði svo:

Mæðralaun skulu greidd ekkjum, ógiftum mæðrum og fráskildum konum sem hafa börn sín undir 18 ára aldri á framfæri sínu og eiga lögheimili hér á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mæðra- og feðralaun eru nú greidd til 16 ára aldurs, en frumvarp þetta felur í sér þá breytingu að hækka skuli aldursmark barnanna, sem greitt er með, í 18 ára aldur. Meðlag og barnalífeyrir eru greidd með börnum til 18 ára aldurs svo að eðlilegt verður að telja að mæðralaun og feðralaun miðist við sama aldursmark.

Ljóst er að fleiri unglingar stunda nú skólanám eftir 16 ára aldur en áður var og eru því á framfæri foreldra mun lengur en tíðkaðist fyrr á árum. Sívaxandi þörf þjóðfélagsins fyrir menntun og starfsþjálfun þeirrar kynslóðar, sem bera mun uppi atvinnulíf þjóðarinnar í framtíðinni, veldur því að æ færri unglingar hætta námi 16 ára. Löggjafinn hefur komið til móts við þessa þróun með því að lengja meðlagsskyldu, fyrst til 17 ára aldurs, en síðan til 18 ára aldurs. Sama gildir um greiðslur barnalífeyris. Er ljóst að þær breytingar hafa orðið umtalsverð kjarabót einstæðum foreldrum og börnum þeirra.

Með setningu barnalaga, nr. 9/1981, var framfærendum, sem eru einir með börn sín, heimilað að sækja um framlengingu greiðslna frá því foreldri sem ekki býr með börnum sínum ef börnin eru við nám. Sú breyting miðar einnig að sama marki: að börn einstæðra foreldra hafi sömu aðstöðu og önnur börn til náms og starfs.

Mæðra- og feðralaun hafa hins vegar orðið eftir við áðurnefndar lagabreytingar og því telur flm. að tími sé til þess kominn að hér verði ráðin bót á.